

Matorka ehf

Grindavík

VÖKTUNARÁÆTLUN




MATORKA HOLDINGS AG | MATORKA EHF
HLÍÐARSMÁRI 6, 201 KÓPAVOGUR, ICELAND
www.matorka.is

Október 2019

Alemennt:

Matorka ehf starfrækir 3.000 tonna fiskeldisstöð á svæði i5 (Hraun) og er með í undirbúningi stækkun í 6.000 tonn. Fiskeldisstöðin verður landeldisstöð með nýjustu tækni og hönnun slíkrar stöðvar. Nú þegar hefur Matorka starfsleyfi fyrir 3.000 tonna framleiðslu gefið út af Umhverfisstofnun, leyfi fyrir 4.300 l/s uppdælingu á sjóblönduðu vatni gefið út af Orkustofnun, samþykkt deiliskipulag gefið út af Grindavíkurbæ.

Yfirlitsmynd af athafnasvæðinu:



Mengunaráhrif fiskeldis lúta alla jafna einkum að streymi næringarefna í viðtaka. Viðtaki fiskeldisstöðvarinnar í Grindavík er sjórinn og er hönnun stöðvar þannig að fiskeldiskerin eru í hæðarþrepum þannig að yfirfall frá einu kerfi flæðir yfir í næsta með því að vatnið er loftað og súrefnisbætt en gruggið fellur frá um botnkerfin. Yfirfall fer því farið um frárennslislögn til sjávar. Við hönnun stöðvarinnar var horft til nýjustu þekkingar og tækni varðandi mengun, endurnýtingu vatns og annarra þátta.

Vöktun

1. Innra eftirlit framkvæmt sem felur í sér daglegar skráningar á þáttum sem snúa að framleiðslu, rekstrarbúnaði, þrifum og aðstöðu.
2. Staðbundnar aðstæður sem vöktun nær til eru:
 - a. Útrás frárennislagnar. Þar verður mæld eftirfarandi atriði:
 - i. Efnalosun, total P a.m.k. einu sinni á ári og reiknað mánaðarlega út frá fóðurnotkun.
 - ii. TOC, COD eða BOD₅ í frárennsli mælt einu sinni á ári.
 - iii. Myndir við útrás teknar mánaðarlega til að meta myndrænt hvort sýnileg mengun er við útrás.
 - iv. Við útrás er metið hvort óæskileg lykt sé til staðar.
 - b. Borholur fyrir sjóblandað vatn. Sísmæling er í mæliholu við hliðina á vatnstökusvæðinu og í Baðstofugjá.
 - c. Almenn loftgæði við eldisstöðina. Með því að farga öllum lífrænum úrgangi um leið og hann fellur til er verið að draga loftmengun. Allur lífrænn úrgangur fjarlægður af Skinnfisk.
3. Öll sýni sem tekin eru og greina þarf eru send til Sýni ehf til mælinga. Sýnatökulát eru fengin hjá Sýni ehf og er farið eftir þeirra verklagsreglum varðandi sýnatöku og meðhöndlun sýna.
4. Sérstök vöktun er við útrás og fylgst með því hvort frárennsli hafi áhrif t.d. hvað mengandi atriði sem tilgreind eru í starfsleyfi, þörungavöxt eða dýralíf. Frekari lýsing á sýnatökustað verður sett fram í vöktunaráætlun þegar framkvæmdum við frárennislögn er lokið.
5. Skráning og skýrslugerð verður skjöluð þannig að eftirlitsaðilar hafa ávallt fullan aðgang að þeim.

Endurskoðun

Vöktunaráætlun og gæðahandbók verða endurskoðuð reglulega, a.m.k. 1x á ári.